

Mál nr. 98/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna rispa í rúðum í íbúðarhúsi.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 28.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.6.2008.

Málsatvik.

Á árinu 2006 var af hálfu málningarverktakans V unnið við að mála þak íbúðarhúss í Reykjavík. Við verkið mun málningarúði hafa fallið á gluggarúður í búð á efstu hæð hússins. Umrædd íbúð er í eigu M. Starfsmenn V tóku að sér að hreinsa málninguna af rúðunum. M heldur því fram að við þá hreinsun hafi rúðurnar rispast. M telur sig hafa orðið fyrir tjóni af þeim sökum og krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu sem V hefur keypt hjá vátryggingafélaginu X.

X hefur hafnað bótaskyldu og í bréfi til nefndarinnar ber X því m.a. við að samningssamband hafi verið milli V og M varðandi tiltekna málningarvinnu og einnig varðandi lagfæringu rúðanna eftir málningarúða, þá sé um að ræða skaðabætur innan samninga. Einnig ber félagið fyrir sig grein 5.3 í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að starfsmenn M höfðu tekið að sér að hreinsa málningarúða af rúðunum þegar M telur að þær hafi rispast. Skemmdir á rúðunum sem þannig komu til fellur utan bótasviðs ábyrgðartryggingarinnar skv. gr. 5.3 í skilmálum vátryggingarinnar eins og framan greinir. Þegar af þeirri ástæðu getur M ekki krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni. Að fenginni þessari niðurstöðu verður ekki fjallað frekar um bótakröfu M á hendur V.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.